

## Forgangsröðun skipa í Grindavíkurhöfn m.t.t. Öryggis- og/eða þjónustupáttanna Vinnureglur hafnastarfsmanna við úthlutun bryggjuplássanna.

Hafnarverðir skulu ávallt hafa eftirfarandi í huga þegar skipum er úthlutað löndunar- og/eða leguplássi

- |   |   |
|---|---|
| ö | 1. <b>Öryggi:</b> Áhafna og skipa er alltaf í fyrirrúmi við allar ákvarðanir skipstjórnarmanna og hafnsögumanna/hafnarvarða sem lúta að brottför, komu og við úthlutun á viðeigandi bryggjuplássum.                     |
| þ | 2. <b>Nýting:</b> Nýta skal viðlegumannvirki eins vel og kostur er til hagsbóta fyrir alla viðskiptavinum Grindavíkurhafnar.  |
| þ | 3. <b>Þjónusta:</b> Skip skulu almennt liggja við bryggju sem tryggir bestu möguleika á góðri þjónustu fyrir sem flesta. Forðast skal að færa skip eftir löndun eins og hægt er án þess þá að það bitni á öðrum skipum. |
| þ | 4. <b>Óskir viðskiptavina:</b> Forgangur a) Með tilliti til óska skipstjórnarmanna. Forgangur b) útgerðastjóra og forgangur c) þjónustuaðila.   |

### Forgangsröðun skipa við bryggju, frekari útlistun

- |   |  |
|---|--|
| þ | 1.1. Bátar sem þurfa legupláss við bryggju í tvo daga eða fleiri en vilja landa á Norðurgarði eða vestast á Miðgarði, verða að færa skipið á aðra bryggju eftir löndun ef þess þarf. Að öðrum kosti að fara beint í úthlutað legupláss og landa þar. |
| þ | 1.2. Skip sem þurfa ís: Skulu helst fá bryggjupláss á Miðgarði sem næst ísstöðinni eða Norðurgarði hugsanlega þarf að færa þau skip eftir löndun. Hafið þó í huga lið 1.3. og lið 1.4.   |
| ö | 1.3. Forðast skal að hafa skip austast á Miðgarði eða austast á Norðurgarði þegar von er á skipum sem þurfa mikla stöðunarvegalengd og mikið snúningsrými, t.a.m. frystitogar og flutningaskip.  |
| þ | 1.4. Þegar mikið er um landanir smærri línubáta um vetur og vor: Getur þurft að halda vestari 50 m á Norðurgarði eins lausum og hægt er.   |
| þ | 1.5. Bátar með krana mega ekki landa við bryggju þar sem löndunarkranar eru s.s. á Kviabryggju og Miðgarði vesturgafli.  |
| þ | Bátar fá löndunarpláss og/eða löndunarkrana við bryggju í þeirri röð sem þeir þeir koma inn til hafnar.  |
| þ | 1.6. Eftir því sem framast er unnt: Reynum að raða skipum sem þurfa löndunarpláss sem næst hafnarvog, ísstöð eða fiskmarkaði án þess að það bitni á öryggi, þjónustu og þægindi annara skipa.  |